

Hr. Ágúst Geir Ágústsson
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júlí 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð var rætt á fundum Manneldisráðs 18. júní og 2. júlí 2002. Ráðið fagnar frumvarpinu sem lýsir vilja til að efla og samhæfa forvarnir í landinu og bæta lýðheilsu. Það er trú Manneldisráðs að margs kyns hagræði geti hlotist af því að sameina þá dreifðu krafta sem starfa að lýðheilsu í þjóðfélaginu, oft innan örsmárra stofnana.

Í frumvarpi til laga um Lýðheilsustöð eru ákvæði um fjóra málaflokka, þ.e. áfengis- og vímuvarnir, tóbaksvarnir, manneldismál og slysavarnir, jafnvel þótt stöðinni sé ætlað að starfa á fleiri sviðum. Því virðist að nokkru leyti um að ræða sameiningu þeirra stofnana og ráða sem hafa sinnt ofangreindum málaflokkum fram til þessa enda er gert ráð fyrir að starfsmönnum þeirra verði boðið starf í hinni nýju stofnun og að fjárveitingar ráðanna renni til Lýðheilsustöðvar.

Manneldisráð telur það forsendu fyrir giftusamri sameiningu þessara krafta í eina stofnun, að jafnræði ríki milli málaflokka hvað varðar tekjustofna og að nægilegt rekstrarfé sé tryggt til starfsemi stofnunarinnar. Eins og málum er nú háttað hafa tóbaksvarnir og áfengis- og vímuvarnir eigin tekjustofna sem eru óháðir fjárveitingum ríkisins hvert ár. Rekstrarfé til þessara málaflokka er því nokkuð tryggt. Starfsemi Manneldisráðs hefur hingað til verið alfarið háð fjárveitingum ríkisins. Ráðinu hefur þar verið þröngur stakkur skorinn og fjárveitingar verið í litlu samræmi við þarfir málaflokksins eða mikilvægi næringar fyrir heilsu, sbr. offitu og átraskanir meðal barna og unglinga og þýðingu næringar í tilurð margra sjúkdóma. Mikill tekjuójöfnuður deilda verður dragbitur á allt samstarf, hvort heldur er á sviði fræðslu, rannsókna eða annarra verkefna. Manneldisráð leggur því ríka áherslu á að tekjustofnar til málaflokksins verði tryggðir áður en til sameiningar kemur, þannig að ráðin komi að þessari nýju stofnun á jafnræðisgrundvelli.

Gert er ráð fyrir að stofnunin sé undir stjórn forstjóra en að landsnefnd veiti forstjóra faglega ráðgjöf. Hér er um töluvert valdaafsal að ræða fyrir Manneldisráð, sem fram til þessa hefur haft eigið frumkvæði við verkefnaival – að sjálfsögðu takmarkað af tekjum hvers árs. Tryggja þarf eins og kostur er að hin nýja stofnun verði ekki til að draga úr frumkvæði og krafti þeirra sem starfa að heilsueflingu. Manneldisráð telur æskilegt að sett sé í lög um Lýðheilsustöð að forstjóri sé sérfræðingur á sviði lýðheilsu og að stofnunin verði deildarskipt í manneldissvið, áfengis- og vímuvarnasvið, tóbaksvarnasvið, slysavarnarsvið o.fl. sem hvert um sig hefur nokkuð

sjálfræði um verkefni. Lagt er til að líkamsrækt og hreyfing verði sett undir mannelldissvið eða starfrækt í nánnum tengslum við mannelldissvið. Hreyfing og líkamsþjálfun eru órjúfanlegur þáttur í starfsemi á sviði næringar, bæði hvað varðar rannsóknir á mataræði og ráðgjöf um lífsstíl og líkamsþyngd. Hreyfing hefur ekki haft sérstakan málsvara innan heilbrigðisgeirans fram til þessa þrátt fyrir vægi þessa þáttar fyrir heilsu og er Lýðheilsustöð sjálfsagður vettvangur fyrir þennan málaflokk.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög um Mannelldisráð nr. 45/1978 svo og lög um áfengis- og vímuvarnir, slysavarnir og tóbaksvarnir, falli úr gildi en ákvæði um ráðin eru sett inn í frumvarpið í greinar 5-9 og skal ráðherra setja nánari ákvæði um skipan og hlutverk ráðanna. Mannelldisráð telur að mörgu leyti vafasamt að innlima fagráðin á þennan hátt inn í lög um Lýðheilsustöð. Fjöldi fagráða vinnur t.d. á vegum Landlæknisembættis, og er ekki síður ástæða til að þau starfi sem ráðgjafar fyrir Lýðheilsustöð. Ekki er heldur þörf á að fella niður lög um Mannelldisráð, jafnvel þótt stór hluti þeirrar starfsemi sem hingað til hefur verið unninn á vegum ráðsins flytjist til Lýðheilsustöðvar og starfsmenn ráðsins verði starfsmenn stöðvarinnar. Mannelldisráð getur starfað sem fagráð og verið Lýðheilsustöð til ráðuneytis um mannelldismál, sbr. grein 5 um sérfræðiráð í frumvarpinu, án þess að lögum um ráðið sé breytt. Einungis er þörf á að setja ráðinu nýjar starfsreglur í samræmi við nýja skipan mála.

Ljóst er að veigamikill þáttur í starfsemi Lýðheilsustöðvar verður að skipuleggja og hafa frumkvæði að rannsóknum og vinna úr margvíslegum tölfræðigögnum eigi stofnunin að vera sá frumkvöðull, ráðgjafi og þekkingarmiðstöð sem efni standa til. Meðal lykilstarfsmanna stöðvarinnar þurfa því að vera tölfræðingar og faraldsfræðingar auk annarra sérfræðinga á sviði lýðheilsu. Lagt er til að við Lýðheilsustöð verði rannsókn- og tölfræðisvið með viðeigandi sérfræðiþekkingu starfsmanna, sem starfi með öðrum sérsviðum stöðvarinnar. Á hliðstæðan máta er æskilegt að sérstakt fræðsluvið þjóni og ráðleggi stöðinni sameiginlega í fræðslu- og kynningarstarfi. Sá ávinningur sem hlýst af samhæfðu fræðslu- og rannsóknastarfi, sem hvort um sig er í höndum sérfræðinga, er að mati Mannelldisráðs einn helsti kostur við stofnun Lýðheilsustöðvar.

Lýðheilsa nær yfir mjög vítt svið þar sem fátt er undanskilið í umhverfi eða gjörðum manna. Því er brýnt að hin nýja Lýðheilsustöð fái svigrúm og fjármuni til að vinna að lýðheilsu á þverfaglegum og breiðum grunni, jafnvel þótt áhersla sé ætíð lögð á veigamikla undirstöðuþætti eins og tóbaksvarnir, áfengis- og vímuvarnir, mannelldismál og slysavarnir.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannelldisráðs



Laufey Steingrimsdóttir
forstöðumaður